

**Eftirfarandi skjal er það sem kom fram hjá formanni byggðarráðs þegar hann mælti fyrir tillögu ráðsins um ráðningu sveitarstjóra. Er sett inn þar sem útsending og upptaka frá sveitarstjórnarfundinum fór úrskeiðis í upphafi fundar vegna tæknilegra vandamála.**

Sex umsóknir bárust um starf skólastjóra Auðarskóla en einn umsækjandi dró umsókn sína til baka.

Byggðarráð fékk tvo vel hæfa umsækjendur í viðtal og eftir þau viðtöl er það tillaga byggðarráðs að ráða Harald Haraldsson sem skólastjóra Auðarskóla.

Haraldur hefur 30 ára reynslu af starfi skólastjóra, bæði í stórum og minni skólum. Haraldur byrjaði sinn feril sem skólastjóri Ásgarðsskóla í Kjós þar sem hann sinnti einnig umsjónarkennslu í 5-7 bekk í sjö ár. Þá var hann skólastjóri í tvö ár við Barnaskóla Staðarhrepps á Reykjum í Hrutafirði en sinnti þar einnig umsjónarkennslu 5-7 bekkjar. Í fimm ár var Haraldur skólastjóri Heiðarskóla í Leirársveit, en sá skóli var á þeim tíma heildstæður grunnskóli með um 120 nemendur. Undanfarin sextán ár hefur Haraldur verið skólastjóri Lækjarskóla í Hafnarfirði, sem er heildstæður grunnskóli með tæplega 550 nemendur og þegarmest lét, allt upp í 130 starfsmenn. Einnig var starfrækt framhaldsskóladeild við skólann í sex ár.

Lækjarskóli hefur stefnu um að vera skóli margbreytileika þar sem starfrækt er sérdeild fyrir þroskaröskun, móttökudeild fyrir nýbúa og fjölgreinanám fyrir börn frá Hafnarfirði sem glíma við hegðunar- og tilfinningaröskun eða skólaforðun. Lækjarskóli hlaut margvíslegar viðurkenningar í hans skólastjóratíð, s.s. Íslensku forsetaverðlaunin, Lexnesfjöðrina, viðurkenningu Félags enskukennara auk tilnefninga og viðurkenninga frá Heimili og skóla.

Haraldur hefur einnig komið að öðrum verkefnum, eins og „sumarstarf skólafólks og atvinnulausra“ sem starfrækt var á vegum Reykjavíkurborgar og Skógræktarfélags Reykjavíkur í 15 ár. En þar voru starfsmenn um 1000 og verkstjórar 70. Haraldur er með B.ed. frá Kennaraháskóla Íslands, Búfræðiþróf frá Bændaskólanum á Hvanneyri, Diploma í opinberri stjórnsýslu og stjórnun frá Háskóla Íslands. Þá hefur hann lokið öllum áföngum í MPA námi í Opinberri stjórnsýslu og stjórnun, stjórnun menntastofnana frá Háskóla Íslands.

Haraldur mætir öllum þeim kröfum sem gerðar eru í auglýsingu um menntun, reynslu og þekkingu.